

RÁÐSTEFNA 19. FEBRÚAR 2020

Áskoranir lögreglustarfsins á nýrri öld

KALLAÐ EFTIR ÁGRIPUM

Kallað er eftir ágripum erinda fyrir ráðstefnuna **Löggæsla og samfélagið** sem námsbraut í lögreglufræði við Háskólann á Akureyri heldur **miðvikudaginn 19. febrúar, 2020**. Ráðstefnan er vettvangur þar sem fagfólk og fræðimenn reifa málefni sem tengjast löggæslu í víðri merkingu. Einstaklingar og hópar sem starfa á fræða- og/eða fagsviðum sem snerta löggæslu eru hvattir til þess að senda inn ágrip af erindum sem byggja á eigin rannsóknum og/eða starfi.

Lykilfyrirlesarar endurspeгла þema ráðstefnunnar, sem í ár er áskoranir lögreglustarfsins á nýrri öld. Lögreglustarfið er krefjandi og hefur orðið flóknara samfara örum þjóðfélagsbreytingum og tækni-framförum, hnattvæðingu afbrota, uppgangi öfgahópa, kröfum um hagræðingu og miðstýringu og aukinna krafa um gagnsæi. Íslenska lögreglan er þó eftir sem áður fjársvelt, undirmönnuð og undir miklu álagi. Birtingarmyndir þessa eru margvíslegar sem vert er að rýna í nánar.

Að gefnu tilefni óskum við sérstaklega eftir erindum sem lúta að áskorunum lögreglustarfsins, en öll erindi sem snúa að löggæslu almennt eru meira en velkomin. Sem fyrr segir er ráðstefnan hugsuð sem sameiginlegur vettvangur fyrir fræða- og fagfólk til þess að koma rannsóknum sínum og reynslu af löggæslu hérlandis sem erlendis á framfæri og deila með leikum sem lærðum.

Lykilfyrirlesarar verða kynntir síðar.

GAGNLEGAR UPPLÝSINGAR:

- **Ráðstefnan fer fram í Miðborg Háskólans á Akureyri**, nánar tiltekið í stofu N101 og M101. Ráðstefnan hefst stundvíslega kl. 9:00 og stendur til 17:00.
- **Almenn erindi og fyrirspurnir** í kjölfarið skulu samtals ekki taka ekki lengri tíma en 25 mínútur. Ágrip af erindum (hámark 250 orð) skulu berast eigi síðar en þriðjudaginn 15. janúar, 2020. Ágripin skal senda á Guðmund Oddsson, dósent í félagsfræði við HA og brautarstjóra námsbrautar í lögreglufræði, goddsson@unak.is
- **Ráðstefnugjald er 5.000 krónur** á mann og eru ráðstefnugögn og kaffiveitingar innifaldar (greiðist á staðnum). **Ráðstefnugjald er felld niður fyrir fyrirlesara**. Þátttakendur greiða sjálfir ferðakostnað, gistingu og mat. Háskólanemar frá frítt á ráðstefnuna.
- **Flugfélagið Icelandair Connect** flýgur til Akureyrar, sjá flugáætlun á www.icelandairconnect.is
- **Viðburðinn má finna á Facebook** undir nafni ráðstefnunnar og verður ýmsum upplýsingum deilt þar er líður nær ráðstefnunni.

<https://www.facebook.com/events/2554844794799597/>

Hafið samband við **Guðmund Oddsson**, dósent í félagsfræði við HA og brautarstjóra námsbrautar í lögreglufræði goddsson@unak.is; vs. **4608677** vanti frekari upplýsingar.